

# LÖG

## GOLFKLÚBBS KÓPAVOGS OG GARÐABÆJAR

### GKG

#### 1. grein.

Félagið heitir Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, skammstafað GKG. Heimili GKG og varnarþing er í Garðabæ. GKG er aðili að Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK) og Golfsambandi Íslands (GSÍ).

Tilgangur og markmið GKG er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni og skapa félagsmönnum framúrskarandi aðstöðu til golfiðkunar. GKG rekur golfvöll og íþróttamiðstöð með aðstöðu fyrir félagslíf, stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Þá er GKG heimilt að leggja stund á annan rekstur sem stjórn telur til þess fallinn að styrkja framangreindan tilgang.

GKG hefur öðlast viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ og stjórn félagsins skal leitast við að fullnægja þeim skyldum sem því fylgja.

Stjórn GKG skal halda félögum upplýstum um málefni félagsins. Í því skyni skal GKG meðal annars halda úti heimasíðu.

#### 2. grein.

Golfleik skal stunda samkvæmt reglum R & A Rules Ltd., eins og þær eru á hverjum tíma og þeim reglum sem GSÍ setur. Sérreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir, enda fari það ekki í bága við framangreint. Sérhver félagi er skyldur til að fara eftir þeim reglum sem stjórn setur um leikinn.

Stjórn setur reglur um skráningu í rástíma, leikhraða, umgengni og framkomu á golfvöllinum og í íþróttamiðstöðinni.

Stjórnin skal sjá til þess að leikreglur, umgengisreglur og siðareglur liggi að jafnaði frammi í golfskálanum og á heimasíðu GKG. Stjórn er heimilt að ákveða forgjafarlagmörk sem skilyrði fyrir leik á völlum félagsins.

Breytingar sem verða á þessum reglum skulu auglýstar rækilega.

Brot gegn þeim reglum sem gilda um leikinn eða öðrum reglum, sem stjórn setur eftir þessari grein, geta varðað viðurlögum. Viðurlög geta verið áminning, tímabundið bann við leik á golfvöllum GKG eða brottvísun úr GKG, séu brot ítrekuð eða alvarleg. Aganefnd fjallar um brot félagsmanna gegn reglum og ákveður viðurlög við þeim. Brottvísun úr GKG er þó háð staðfestingu stjórnar. Brot sem varða annað en golfleik og beinast á einhvern hátt að GKG eða starfsmönnum félagsins eiga beint undir stjórn.

### **3. grein.**

Um inngöngu í GKG skal sækja rafrænt eða skriflega til framkvæmdastjóra. Inntaka nýrra félaga er háð samþykki stjórnar, sem getur frestað inntöku til félagsfundar. Stjórn GKG skal ákveða hámarksfjölda félaga. Umsækjendur sem ekki hafa forgjöf, skuldbinda sig til þess að sækja tíma hjá golfkennara eða leiðbeinanda til þess að læra undirstöðuatriði íþróttarinnar áður en leikið verður á golfvöllum GKG. Þá skulu nýir félagsmenn, sem ekki hafa áður sótt námskeið eða fyrirlestur um siðareglur, leikreglur og aðrar þær reglur sem félagar lúta, sækja slíkt námskeið.

Úrsögn er bundin við áramót, og skal berast rafrænt eða skriflega til framkvæmdastjóra fyrir lok desembermánaðar.

### **4. grein.**

Stjórn GKG ákveður árgjald og inntökugjald komandi starfsárs. Ákvörðunin skal lögð fyrir aðalfund til staðfestingar. Þá ákveður stjórn gjalddaga árgjalds.

Þeir sem ekki hafa gengið frá greiðslu fyrir 1. mars hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar og er stjórn heimilt að fella þá af félagaskrá GKG.

Nýir félagsmenn skulu greiða félags- og inntökugjöld við inngöngu, sé hún eftir gjalddaga árgjalds.

Stjórn ákveður vallargjald utanfélagsmanna.

### **5. grein.**

Stjórn klúbbsins er skipuð 9 félagsmönnum. Formaður skal kjörinn sérstakri kosningu til eins árs í senn. Þá skulu kosnir 4 meðstjórnendur til tveggja ára á hverjum aðalfundi. Framboð til stjórnar skulu berast á skrifstofu klúbbsins ekki síðar en viku fyrir aðalfund. Heimilt er að hafa kosningar með rafrænum hætti.

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skal stjórn velja sér varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Stjórn er ályktunarhæf ef minnst 5 stjórnarmenn sækja fund.

Kjósa skal félaginu endurskoðanda eða endurskoðendafélag.

### **6. grein.**

Stjórn GKG fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína (sjá þó 7. grein.).

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra til að stjórna daglegum rekstri félagsins og ákveða ráðningarkjör hans. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn og innan marka fjárhagsáætlunar.

Framkvæmdastjóri hefur prókúru fyrir GKG. Meirihluti stjórnar bindur félagið.

Stjórn kemur fram fyrir hönd GKG. Stjórn skal rækta samband við féлага og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi GKG á félagsfundum eða opnum stjórnarfundum.

Fundagerðir stjórnarfunda skulu aðgengilegar á heimasíðu GKG.

## **7. grein.**

Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir:

1. Íþróttanefnd, sem jafnframt skipi foreldraráð.
2. Vallarnefnd.
3. Mótanefnd.
4. Aganefnd.
5. Kvennanefnd.

Stjórn hefur heimild til þess að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir.

Í hverri nefnd skulu jafnan vera 3-5 menn en heimilt að víkja frá því, telji stjórn rök standa til þess.

Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðins árs ekki síðar en 15. október ár hvert.

## **8. grein.**

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum GKG. Hann skal halda í nóvember ár hvert. Stjórn getur einnig boðað til almenns félagsfundar ef þurfa þykir eða ef 5% fullgildra félagsmanna æskja þess skriflega. Í slíkri beiðni skal tilgreina fundarefni sem beðið er um að tekið verði á dagskrá. Slíkan fund skal halda innan þriggja vikna frá móttöku slíkrar beiðni.

Aðalfund skal auglýsa með minnst tveggja vikna fyrirvara en aðra félagsfundi með minnst viku fyrirvara. Fundargögn, svo sem tillögur sem teknar verða til afgreiðslu, ársreikningur og fundargerð síðasta aðalfundar, skulu aðgengileg á skrifstofu félagsins og heimasíðu frá sama tíma og auglýsing er birt. Fullgildir félagar teljast skuldlausir félagar 18 ára og eldri.

Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Tillögur til lagabreytinga eða aðrar tillögur sem óskað er eftir að teknar verði til afgreiðslu á aðalfundi skulu hafa borist stjórn fyrir 1. nóvember og skulu kynntar í aðalfundarboði.

## **9. grein.**

Reikningsár GKG er frá 1. nóvember til 31. október.

Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

## 10. grein.

Dagskrá aðalfundar skal sem hér greinir:

1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
4. Rekstrar- og fjárfestingaáætlun komandi starfsárs kynnt.
5. Lagabreytingar og aðrar tillögur skv. 8. gr. teknar til afgreiðslu.
6. Kosning formanns til eins árs.
7. Kosning fjögurra meðstjórnenda til tveggja ára
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafélags.
9. Önnur mál.

## 11. grein.

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni GKG sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundinum. Atkvæðisrétt hafa fullgildir félagar. Til breytinga á lögum GKG þarf 2/3 atkvæða þeirra sem á aðalfundi eru.

## 12. gr.

Stjórn GKG getur veitt félagsmönnum eða velunnurum félagsins heiðursviðurkenningu. Heiðursviðurkenninguna má veita þeim sem stjórn telur hafa unnið vel og dyggilega að eflingu félagsins og golfíþróttarinnar í áratug eða lengur.

## 13. grein.

Komi fram tillaga um að GKG verði slitið verður að afgreiða hana á sérstökum fundi, til þess boðuðum. Slíkur fundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins og með auglýsingu í dagblaði, sem útbreitt er á félagssvæði GKG. Slíkur fundur er því aðeins lögmætur að helmingur félagsmanna sé viðstaddur.

Til þess að ákvörðun um slit GKG teljist lögmæt þarf samþykki 2/3 fundarmanna.

Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar innan þriggja vikna og getur hann ákveðið slit GKG enda þótt mætingarskilyrðum 1. mgr. þessarar greinar sé ekki náð.

## 14. grein.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi GKG 26. nóvember 2020 og tóku þegar gildi.

**Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar**